

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2014

2014/EES/42/03

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 795/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir kólíklóriði sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 796/2013 frá 21. ágúst 2013 um synjun um leyfi fyrir efninu 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófeni sem fôðuraukefni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 797/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 11181 sem fôðuraukefni fyrir kálfa til eldis og til slátureldis og fyrir fráfarugrísí (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1333/2004 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 803/2013 frá 22. ágúst 2013 um leyfi fyrir fólínsýru sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 797/2013 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1333/2004 ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bættist við á eftir 99. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013):
 - „100. **325013 R 0795**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 795/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir kólíklóriði sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 1).
 101. **32013 R 0796**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 796/2013 frá 21. ágúst 2013 um synjun um leyfi fyrir efninu 3-asetýl-2,5-dímetýlþíófeni sem fôðuraukefni (Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 4).
 102. **32013 R 0797**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 797/2013 frá 21. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 11181 sem fôðuraukefni fyrir kálfa til eldis og til slátureldis og fyrir fráfarugrísí (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1333/2004 (Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 6).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 224, 22.8.2013, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 225, 23.8.2013, bls. 17.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 11.

103. **32013 R 0803**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 803/2013 frá 22. ágúst 2013 um leyfi fyrir förlínsýru sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 225, 23.8.2013, bls. 17).“
2. Texti liðar 1zv (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1333/2004) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 795/2013, (ESB) nr. 796/2013, (ESB) nr. 797/2013 og (ESB) nr. 803/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.